

Hildigunnur Ólafsdóttir, afbrotafræðingur
ReykjavíkurAkademíunni, Hringbraut 121, 107 Reykjavík

Umsögn um þskj. 49 - 48. mál, 139. löggjafarþing 2010-2011. Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr.19/1940 (kynferðisbrot).

Í frumvarpinu eru gerðar tillögur að tveimur efnislegum breytingum á 1. mgr. almennra hegningarlaga. Annars vegar að fella burt skilgreiningu á nauðgunarhugtakinu og hins vegar að breyta lágmarksrefsingu.

1) Með þeim breytingum sem gerðar voru á ákvæði hegningarlaganna um nauðgun árið 2007 var efni 194. gr. rýmkað verulega. Til þess að lýsa hinni refsiverðu háttsemi voru tilgreindar mun rýmri aðferðir en áður þar sem kynmök fara fram án samþykkis þolanda „...með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögumætri nauðung gerist sekur um nauðgun ... Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innlokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.” Markmið gildandi laga og lagafrumvarpsins eru þau sömu; að vernda kynfrelsi fólks og lögfesta að kynmök án samþykkis þolanda sé refsiverð háttsemi (Ragnheiður Bragadóttir 2006). Með því að fella burtu lýsingar á verknaðaraðferð kemur ekki skýrt fram hvaða háttsemi teljist afbrot gegn kynfrelsi. Á síðustu áratugum hefur orðið mikil breyting á því hvaða skilningur er lagður í nauðgunarhugtakið. Samt er vitað að ekki leggja allir sama skilning í hugtakið. Í lagatexta er það grundvallaratriði að skýrt komi fram hvaða atferli er refsivert (Jónatan Þórmundsson 1999). Enda er slík skilgreining í samræmi við mannúðlega refsistefnu og mannréttindaákvæði um að lýsingar á refsiverðri háttsemi séu auðskildar og afmarkaðar (Jareborg 1995). Þess vegna verður að skilgreina nauðgunarhugtakið í lagagreininni eins og gert er í norrænni löggjöf. Með því að fella niður verknaðarlýsingar afbrotsins, sem ákært er fyrir, eru líkur á því að sjaldnar verði ákært fyrir nauðgunarbrot en nú er gert. Ástæða þess er sú að ákærvaldið hefur þá ekki eins skýra leiðsögn um það hvað í brotinu felst. Þannig gæti lagabreytingin unnið þvert gegn því markmiði að fjölga ákærum í nauðgunarmálum.

Þar sem aðeins þrjú ár eru síðan lagaákvæðinu var breytt síðast, verður að teljast hæpið að komin sé nægjanleg reynsla á framkvæmd þess. Það telst heldur ekki heppilegt að breyta hegningarlagaákvæðum of oft. Í þessari umsögn er því lagst gegn því að breyta núgildandi lagagrein.

2) Síðustu áratugi hafa breytingar í refsirétti verið í þá átt að fella burtu lágmarksrefsingar. Breytingartillagan um að hækka lágmarksrefsingu úr einu ári í tvö er því andstæð almennri þróun í refsirétti. Með því að fella niður lágmarksrefsingar er dómurum gefið meira svigrúm til að ákveða refsingar í samræmi við brot hverju sinni. Þannig er skerpt á því að hlutverk löggjafans er að setja refsiramma, en dómara að ákveða lengd dóma. Með breiðum refsiramma geta dómara tekið tillit til aðstæðna þegar þeir dæma í einstökum málum. Þess vegna er ekki ástæða til að breyta lágmarksrefsingum.


Heimildir:

Jareborg, Nils (1995). What Kind of Criminal Law Do We Want? Í Annika Snare (ritsj.), Beware of Punishment. On the Utility and Futility of Criminal Law. Oslo: Pax Forlag A/S & The Scandinavian Research Council for Criminology.

Jónatan Þórmundsson (1999). Afbrot og refsíabyrgð. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ragnheiður Bragadóttir (2006). Kynferðisbrot. Reykjavík: Lagastofnun Háskóla Íslands.

9. nóvember 2010



Hildigunnur Ólafsdóttir